

**193. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
19. apríl 2021 og hófst hann kl. 20:50.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030**

Skipulagsfulltrúi fer yfir stöðu greinargerðar og uppdrátt af endurskoðuðu aðalskipulagi.

*Farið var yfir drög að greinargerð á endurskoðuðu aðalskipulagi. skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**2. 2103129 - Deiliskipulag Skógarhverfis 3C og 5**

Farið yfir götur, stíga og blágrænarlausnir.

*Farið yfir drög að deiliskipulagi í Skógahverfi 3C og Skógahverfi 5. skipulagsfulltrúa ásamt skipulagshöfundu Árna Ólafssyni falið að vinna málið áfram.*

**3. 2104151 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 4 - svalagangar**

Umsókn Bryggju 2 ehf. og SH holding ehf. um heimild til að setja svalaganga á fjölbýlishúsin við Asparskóga 1 og 5.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að svalagangar verði heimilaðir á lóð nr. 1, 5 og 7 við Asparskóga sbr. breytingauppdrátt dagsettan 19. mars 2021. Breytingin hefur engin áhrif á útsýni, innsýni eða skuggavarp á skipulagssvæðinu og varðar því ekki hagsmunum annarra en viðkomandi lóðarhafa og Akraneskaupstað.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn til að deiliskipulagbreytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýs í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 2103324 - Vesturgata 49, bílastæði - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn um bílastæði.

*Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**5. 2104125 - Skólabraut 35a - bílastæði innan lóðar**

Fyrirspurn um að setja bílastæði innan lóðar.

*Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**6. 2103321 - Húsnæði fyrir fatlaða - lóð**

Skipulagsfulltrúi fer stöðu um val á lóð undir búsetukjarna.

*Skipulags- og umhverfissráð fellst á að skoðað verði svæði undir búsetukjarna við Skarðsbraut.*

**7. 2104137 - Leikskóli Skógarhverfi - uppbygging**

Miðvikudaginn 14. apríl 2021 var opnað tilboð í verkið "Leikskóli Asparskógum 25, uppsteypa og utanhússfrágangur."

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*Aefli ehf. kr. 516.956.675  
GS Import ehf. kr. 589.045.776  
Sjammi ehf. kr. 507.045.801  
Kostnaðaráætlun kr. 481.802.758*

*Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.*

**8. 2104136 - Flóahverfi - úthlutunarreglur**

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að vísa úthlutunarreglum um lóðir í Flóahverfi til bæjarráðs.*

**9. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð**

Fimmtudaginn 15. apríl 2021 var opnað tilboð í verkið "Brekubæjarskóli / Grundaskóli endurgerð lóða."

*Eftirfarandi tilboð barst:*

*Þróttur ehf. kr. 72.024.225  
Kostnaðaráætlun kr. 27.142.000*

*Skipulags- og umhverfissráð hafnar tilboði lægstbjóðanda. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram þ.a. framkvæmdir við skólalóðir geti orðið að veruleika.*

**10. 2101238 - Sementsreitur - uppbygging**

Kynning á útboði byggingaréttar og skilmálum á reitum C og D á Sementsreit.

*Lögð fram drög að útboðsgögnum í byggingarrétt á Sementsreit. Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.*

**11. 2104155 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Geymslusvæði fyrir minni verktaka.

*Byggingarfulltrúa falið frekari vinnsla málsins.*

**12. 2104078 - Deiliskipulag Ægisbrautar - endurskoðun**

Uppbygging íbúðarhúsnæðis á Ægisbraut.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að skoðað verði með tilliti til ágangs sjávar hugmyndir um íbúðabyggð á Ægisbraut. Ef niðurstaða er jákvæð verði í framhaldinu skoðað hvert raunhæft byggingarmagn íbúðarhúsnæðis á svæðinu geti verið.*

*Sviðsstjóri fór að öðru leyti yfir hugmyndir sem stuðlað gætu að því að*

*atvinnuhúsnæði við Ægisbraut myndu víkja fyrir íbúðarhúsnæði.*

*Skipulags- og umhverfisráð vísar hugmyndum sviðsstjóra til bæjarráðs.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætt.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:50.**